



7. stjórnarfundur HSV starfsárið 2017-2018. Haldinn í fundarsal Vestrahúss, mánudaginn 8. janúar 2018 kl. 16.30.

Mætt eru Guðný Stefanía Stefánsdóttir, Karl Ásgeirsson, Ingi Björn Guðnason, Hildur Elísabet Pétursdóttir, Heimir Hansson og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir sem ritaði fundargerð. Páll Janus Þórðarson og Elísa Stefánsdóttir boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Sambandsráðsfundur UMFÍ um inngöngu íþróttabandalaga í UMFÍ haldinn í Garðabæ laugardaginn 13. janúar 2017
Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri UMFÍ var með á fundinum gegnum fjarfundabúnað. Hún svaraði spurningum stjórnarmanna og fór yfir helstu þætti sem vænta má að breytist í starfi UMFÍ, verði af inngöngu íþróttabandalaganna. Guðný Stefanía Stefánsdóttir formaður mun sitja fundinn fyrir hönd HSV.
2. Brettaæfingar í íþróttaskóla HSV. samþykkt
Skíðafélag Ísfirðinga hefur hug á blása nýju lífi í brettastarf félagsins. Óskar félagið eftir að farið verði af stað með brettaæfingar fyrir börn í íþróttaskóla HSV. Mikill áhugi er nú á snjóþéttum og er félagið að ganga frá ráðningu brettaþjálfara. Stjórn HSV samþykkir að boðið verði upp á brettaæfingar 2x í viku á vorönn 2018 í íþróttaskóla HSV undir stjórn þjálfara frá SFÍ.
3. Styrkur frá 3X Technology ehf. Tilhögun úthlutunar, umsóknir og reglur.
Markmið styrksins er að efla faglegt barna- og unglíngastarf hjá aðildarfélögum HSV. Stjórn felur framkvæmdastjóra að ræða við framkvæmdastjóra ÍA um tilhögun úthlutunar hjá þeim. Máli frestað til næsta fundar.
4. Önnur mál
 - a. Dagsetning héraðsþings. Stefnt að 8. maí.
 - b. Hildur Elísabet, veltir upp þeirri hugmynd hvort setja megi framkvæmd þrettándabrennu inn í verkefnasamning. Framkvæmdastjóra falið að ræða við Ísafjarðarbæ.

Fundi slitið kl. 18.45